Fullgild rafræn undirskrift
BJARKI FREYR ARNGRÍMSSON
2026-10-30 14:23:05 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
GUÐJÓN INGI EGGERTSSON
2026-10-30 14:37:54 GMT
Ástæða: Undirskrift

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
Borgartúni 21
105 Reykjavík

Reykjavík 30. október 2026
HER-202609-10759
USK26090436 (UUA2609021)
USK26100421 (UUA2609028)
USK16100089 (UUA2610001)

Efni: Greinargerð Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur í málum nr. UUA2609021, UUA2609028 og UUA2610001 þar sem kærð er ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um útgáfu á starfsleyfi fyrir starfsemi skotvallar Skotveiðifélags Reykjavíkur og nágrennis - Skotreyn.

Með tölvupóstum dags. 28. september (UUA 202609021), 30. september (UUA2609028) og 2. október 2026 (UUA261001) framsendi Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála (hér eftir ÚUA) þrjár kærur til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (hér eftir HER) þar sem kærð er ákvörðun HER dags. 28. ágúst 2026 um útgáfu starfsleyfis fyrir skotvöll Skotveiðifélags Reykjavíkur og nágrennis í Álfsnesi og óskaði eftir því að HER léti úrskurðarnefndinni í té þau gögn er málið varðar og var HER jafnframt gefinn kostur á að tjá sig um efni kærunnar.

Kröfugerð:
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur krefst þess að úrskurðarnefndin hafni kröfum kæranda um ógildingu ákvörðunar HER um útgáfu starfsleyfis fyrir starfsemina.

Málsatvik:
Þann 17. apríl 2026 móttók Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) umsókn Skotveiðifélags Reykjavíkur og nágrennis (Skotreyn) um starfsleyfi fyrir starfsemi skotvallar í Álfsnesi, ásamt fylgigögnum, sbr. gögn málsins. Umsóknin var rýnd hjá HER og leitað svara hjá Skotreyn við nokkrum spurningum á næstu vikum áður en umsóknin var metin fullnægjandi.
Með tölvupósti dags. 8. maí 2026 óskaði HER eftir umsögn skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa í Reykjavík um það hvort starfsemin væri í samræmi við skipulag og tillögu að gildistíma starfsleyfis. Umsögn deildarstjóra aðalskipulags barst 24. júní þar sem staðfest var að umsögn dags. 26. maí 2026 sem veitt hafði verið vegna umsóknar Skotfélags Reykjavíkur (SR) um starfsleyfi vegna starfsemi á skotvelli SR sem er við hlið skotvallar Skotreyn, gilti fyrir bæði félögin hvað varðar samræmi við aðalskipulag Reykjavíkur (AR2040) og gildistíma og var sá skilningur staðfestur með öðrum tölvupósti sama dag í kjölfar fyrirspurnar HER. Í umsögninni var lagt til að gildistími starfsleyfa fyrir skotvelli í Álfsnesi væri til loka árs 2028 í samræmi við ákvæði í breytingu á AR2040, skotæfingasvæði á Álfsnesi. HER vann tillögu að starfsleyfisskilyrðum og var hún send Skotreyn til yfirferðar með tölvupósti dags. 10. júní 2026. Tillaga að starfsleyfi fyrir Skotreyn var sett í auglýsingu á vefsvæði HER 30. júní og auglýstur tími til athugasemda var til 28. júlí. Þann 3. júlí barst HER athugasemd um að greinargerð um áhrif á vatnshlot vantaði í fylgigögn með auglýsingunni. HER áframsendi athugasemdina á Skotreyn sem brást við og sendi samdægur sérstaka greinargerð um áhrif á vatnshlot en umfjöllun um það sama var að finna í greinargerð félagsins með umsókn um starfsleyfi. Nýju greinargerðinni var bætt í fylgigögn og auglýsingatími/tími til athugasemda framlengdur um 3 daga eða til 31 júlí. Breyting á auglýsingatíma var tilkynnt til Skotreyn og þess aðila sem sendi HER athugasemdina.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
heilbrigdiseftirlit@reykjavik.is
www.reykjavik.is/heilbrigðiseftirlit
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

VOTTUN HF
ÍST ISO 14001

Athugasemdir við tillögu að starfsleyfi bárust frá fimm aðilum innan tímafrests. HER yfirfór athugasemdirnar og svaraði þeim í greinargerð um útgáfu starfsleyfis, sjá gögn málsins. Að lokinni yfirferð voru gerðar sjö breytingar á starfsleyfisskilyrðum frá auglýstri tillögu og er gerð grein fyrir þeim breytingum í greinargerð um málsmeðferðina.
Í samræmi við samþykkt nr. 908/2026 um heilbrigðisnefnd Reykjavíkurborgar, var umsókn Skotreyn um starfsleyfi fyrir skotvöll félagsins í Álfsnesi, lögð fyrir 1928. afgreiðslufund HER þann 28. ágúst 2026 þar sem samþykkt var að veita starfsleyfi til 31. desember 2028 með almennum starfsleyfisskilyrðum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi og sértækum starfsleyfisskilyrðum fyrir Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis kt. 440687-1809 fyrir skotvöll í Álfsnesi.
Tilkynning um útgáfu starfsleyfis, afrit af starfsleyfi og starfsleyfisskilyrðum ásamt greinargerð um málsmeðferðina, þar sem m.a. var gerð grein fyrir kæruheimildum og kæruleiðum, var birt á vefsvæði HER 31. ágúst 2026. Skotreyn var tilkynnt um afgreiðsluna að loknum afgreiðslufundi og öllum þeim er sent höfðu inn athugasemdir við tillögu að starfsleyfi á auglýsingatíma var tilkynnt um afgreiðsluna og hvar nálgast mætti greinargerð um málsmeðferðina þegar hún hafði verið birt eða 31. ágúst. Í kjölfarið bárust HER ábendingar um augljósar innsláttarvillur/misritanir í starfsleyfisskilyrðunum auk nokkurra athugasemda. Greinargerð um málsmeðferð með leiðréttum starfsleyfisskilyrðum var birt á vefsvæði HER 3. september.

Málsástæður og lagarök:
Í kærunum er kærð ákvörðun um útgáfa á starfsleyfi HER vegna starfsemi á skotvelli Skotreyn á Álfsnesi. Í kærunum koma fram málsástæður kæranda í hverri kæru fyrir sig. Tekin er afstaða til málsástæðna kærenda í næsta kafla.

Afstaða Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur:
HER telur að málið hafi verið nægilega rannsakað til þess að tekin væri lögmæt ákvörðun í málinu. Nýrra gagna var aflað við vinnslu málsins s.s. hávaðakortlagning sem Skotreyn lét vinna auk þess sem HER lagði fram hljóðmælingar samkvæmt aðferðinni „Almänna råd om buller från skjutbanor“ sem lýst er í leiðbeiningum sænsku Umhverfisstofnunarinnar (Naturvårdsverket) til grundvallar við útgáfu leyfisins sem ekki hafði verið gert áður.
Kærendur tiltaka nokkur atriði sem þeir telja ábótavant í kærum sínum og er tekin afstaða til helstu atriða hér að neðan.

Hávaðamál og hljóðmælingar:
Í málum skotvalla hefur löngum verið deilt um mæliaðferðir og niðurstöður hljóðmælinga. Íbúar hafa gagnrýnt HER og sakað um óvönduð vinnubrögð, að HER mæli ekki eftir réttum aðferðum og niðurstöður mælinga HER séu ómarktækar. HER hafnar öllum ávirðingum um óvönduð vinnubrögð eða vilhallar niðurstöður hljóðmælinga. Rétt er að árétta að HER hefur enga hagsmuni af því að hafna eða veita starfsleyfi fyrir starfseminni og er óháður aðili. Einnig er á það bent að Brekke & Strand hefur ekki komið áður að málum skotvalla fyrr en nú við þær umsóknir sem HER afgreiddi á þessu hausti og verður að álíta fyrirtækið óháðan aðila. HER hefur rýnt hávaðakortlagningu Brekke & Strand og minnisblað sömu dags. 2. september 2026, sem barst eftir að HER sendi ÚUA gögn málsins, er fylgir með greinargerð þessari. Hávaðakortlagningin er unnin samkvæmt stöðlum og gerir HER ekki athugasemdir við hana né minnisblaðið.

Í fyrri málum hefur verið rekið að í reglugerð um hávaða og leiðbeiningum Umhverfisstofnunar (UST) um mæliaðferðir við hljóðmælingar vegna eftirlits er ekki að finna viðmið eða leiðbeiningar sem eiga sérstaklega við um skotvelli og hávaða frá þeim. HER hefur frá opnun skotvallanna hljóðmælt með

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
heilbrigdiseftirlit@reykjavik.is
www.reykjavik.is/heilbrigðiseftirlit
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

VOTTUN HF
ÍST ISO 14001

ýmsum aðferðum til að reyna að meta ónæði frá starfseminni. Notast hefur verið við aðferðir sem samræmast þeim viðmiðunargildum sem hafa verið til staðar í íslensku regluverki og eftir álit frá UST, sem tekið var undir í úrskurði ÚUA nr. 36/2025, hefur verið notast við sænsku aðferðina „Almänna råd om buller från skjutbanor“, sem og þau viðmiðunarmörk sem þar eru gefin.
Sænska mæliaðferðin er til að meta hámarkshljóðstig frá skotum og er augnabliksmæling. Við framkvæmd mælinga skal fylgja stöðlum og fyrirfram ákveðnum skilgreiningum á aðstæðum t.d. hvað varðar veðurfar. Samkvæmt aðferðinni eru aðstæðum við skot stýrt og samstarf við rekstraraðila forsenda þar sem skjóta á 20 skotum og á milli skota eiga að líða a.m.k. 20 sekúndur. Þannig er ekki hægt að framkvæma mælingar samkvæmt aðferðinni við almenna starfsemi heldur þarf að stýra aðstæðum og skotaðila. Aðferðin er því ekki hentug til að mæla hávaðaálag við fulla starfsemi.
Í aðferðinni er ekki skilgreining eða leiðbeiningar um hvernig standa skuli að vöktunarmælingum. Vöktunarmælingar eru langtímamælingar til að kanna hávaðaálag sem er á hverjum mælistað og einnig til að fylgjast með því að starfsemin fari fram á leyfilegum tíma. Vöktun á skotstað getur að auki gefið hugmynd um skotfjölda og hvenær notkun er mest, hvort sem er innan dags, viku eða lengra tímabils. Engar leiðbeiningar eða viðmið er að finna í íslensku regluverki um hvernig standa skuli að vöktunarmælingum, hvað skuli mæli, með hvaða aðferð eða hvernig túlka eigi niðurstöður.

Í þessu máli er byggt á hljóðmælingum HER samkvæmt sænsku aðferðinni sem voru framkvæmdar árið 2022. Engar breytingar hafa orðið í starfsemi, staðsetningu, skotstefnu, skermun, landslagi eða skotfærum sem líklegar eru til að hafa áhrif á niðurstöður hljóðmælinga og er það megin ástæða þess að ekki voru framkvæmdar nýjar mælingar. Til skoðunar var hjá HER að framkvæma mælingar í samræmi við starfsleyfisskilyrði sem gefin voru út 13. febrúar 2025 og felld úr gildi með úrskúrði ÚUA nr. 35/2025 dags 20.október 2025. Ekki varð af því vegna skorts á mannafla, aðgengi að hljóðmælum sem voru í notkun í öðrum verkefnum og þar sem hagstæðar veðuraðstæður voru ekki til staðar þegar mælar og mannafli var til staðar og auk þess var ekki hægt að framkvæma fyrirhugaðar mælingar eftir að starfsleyfi var fellt úr gildi þar sem að engin starfsemi var í gangi. Mælingar frá 2022 eru því lagðar til grundvallar og taldar fullgildar af fyrrgreindum ástæðum.

Skotreyn lét fyrirtækið Brekke & Strand vinna hávaðakortlagningu fyrir skotsvæðið vegna umsóknar um starfsleyfi. Kortlagningin er unnin út frá útreikningum og er gerð grein fyrir forsendum og útreikningum í skýrslu Brekke & Strand sem er í gögnum málsins. Niðurstöður útreikninga eru settar fram myndrænt í myndum 5 og 6 í skýrslunni. Viðmið fyrir þrjár gerðir skotvalla er að finna í skýrslunni sbr. töflu 3. Skotvöllur Skotreyn fellur ekki beint að neinni af þessum skilgreiningum sem skapar vanda við túlkun á niðurstöðum útreikninga. Að mati HER fellur völlur Skotreyn ekki að fyrstu gerðinni sem er lýst sem nýbyggðum eða verulega endurbyggðum skotvöllum, hvorugt á við um völl Skotreyn. Flokkarnir tveir fyrir velli byggða fyrir árið 1982 eiga ekki heldur vel við um skotvöll Skotreyn. Að mati HER á miðju flokkurinn helst við, vellir byggðir fyrir 1982 sem hafa ekki breytt verulega rekstrinum síðan þá, þar sem að starfsemi á skotvellinum hefur verið óbreytt frá því starfsemi hófst. Ef horft er til viðmiða fyrir flokkinn og útreikninga geta þrjú hús við Móavík og á spildu úr landi Móa verið útsett fyrir hávaða á bilinu 75-80 dB sem er yfir viðmiðum fyrir flokkinn en innan viðmiða fyrir hinn flokk skotvalla byggðra fyrir 1982. Þegar einungis er skotið af velli 4, sbr. mynd 6. (á velli 4 er önnur skotstefna en af völlum 1-3) lækkar hávaðinn og tvö hús eru útsett fyrir hávaða undir 70 dB en eitt hávaða á bilinu 70-75 dB sem er innan viðmiða fyrir flokkinn.

Í leiðbeiningum fyrir mæliaðferðina kemur fram að velja skal skotstefnu, skothorn og skotfæri sem munu valda hæstu gildum og þannig mestu ónæði. Við mælingar HER var mælt við skot frá völlum nr.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
heilbrigdiseftirlit@reykjavik.is
www.reykjavik.is/heilbrigðiseftirlit
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

VOTTUN HF
ÍST ISO 14001

1, 2 og 4 þegar mælt var við Móavík og Móaberg (völlum 1 og 4 vegna seinni mælinga við Móavík) en völlum nr. 1 og 4 vegna mælinga við Stekk, Naustanes og Hvamm. Valið var að mæla frá þeim velli sem næst er Móavík (völlur 1) og þeim sem er fjærst (völlur 4), og að auki með aðra skotstefnu, og litið svo á að það gæfi góða mynd af mesta og minnsta hávaða frá starfseminni.

Niðurstöður mælinga HER, sem framkvæmdar voru eftir sænsku aðferðinni í júní og júlí 2022 voru þær að mæld gildi voru innan við viðmið í sænsku aðferðinni eða innan við 70 dB nema að mæling við Móavík fyrir skotvöll 2 var 71 dB. Mælingarnar eru innan viðmiða fyrir báða flokka skotvalla byggðar fyrir árið 1981 (tafla 3 í skýrslu Brekke & Strand) en yfir viðmiðum fyrir nýja eða endurbyggðra skotvelli. Benda á að í seinni mælingum við Móavík (mæling 16) eru niðurstöður 55 dB við skot frá velli 1 þar sem áður mældust 69 dB, sem sýnir breytileikann sem getur verið í hávaða eftir veðurfarsaðstæðum (sjá skjalið Hljóðmælingar - Sænska - niðurstöður). Niðurstöður hljóðmælinga benda til þess að það skili mælanlegum árangri að snúa skotstefnu, sbr. niðurstöður fyrir mælingar af velli 4. Það getur því nýst sem ein af þeim mótvægisaðgerðum sem Skotreyn getur beitt til að draga úr ónæði frá starfseminni. Eins og fram kom er mælingin framkvæmd með því skothorni, skotstefnu og skotfærum sem valda mestum hávaða. Í starfsleyfi eru tilmæli um að rekstraraðili beiti sér fyrir því að notendur noti skot með minni skothleðslu sem og skotgerðir sem eru hávaða minni. Í skýrslu Brekke & Strand er áætlað að það geti lækkað hljóðstig um 1-2 dB.

Í sænsku leiðbeiningunum er talað um að mælingar á staðnum séu hugsaðar sem viðbót við hávaðakortlagningu eða þar sem möguleiki er á að endurkast eða aðrir umhverfisþættir geti haft áhrif á niðurstöður. Þar sem bæði hefur verið framkvæmd hávaðakortlagning og mælingar á staðnum hefur aðferðafræði sem lagt er til í sænsku reglugerðinni verið fylgt. HER telur að málið hafi verið full rannsakað.

Skv. sænsku leiðbeiningum eru helstu mótvægisaðgerðir sem notaðar eru til að lækka hljóðstig annars vegar afskermun skotvalla og hins vegar takmörkun á opnunartíma. HER hefur valið þá leið að mótvægisaðgerðum, m.a. vegna landfræðilegra aðstæðna sem torvelda afskermun, að takmarka opnunartíma skotvallarins og er þróun opnunartíma rakin betur hér að neðan. Leyfður almennur opnunartími nú er 34 klst. sem dreifist á fjóra daga vikunnar. Árið 2010 var leyfður almennur opnunartími að sumri 68 klst. sem dreifðist á 6 daga vikunnar. Af þessu má sjá að opnunartími hefur verið takmarkaður verulega til aðkoma til móts við umkvartanir íbúa.

Í þessu máli sem og fyrri málum hafa íbúar oft vitnað í hljóðmælingar sem fyrirtækið Trivium framkvæmdi fyrir íbúa og er að mati íbúa hin eina rétta mæling sem sýnir hávaðaálag vegna fullrar starfsemi. HER hefur ekki fengið aðgang að skýrslu vegna mælinganna, en stakar blaðsíður hafa stundum fylgt með kærum vegna starfsleyfa skotvalla, þó ekki blaðsíður sem sýna aðferðarfræði og aðstæður þegar mælingarnar fóru fram en aðferðin mælir fyrir um ákveðnar aðstæður við mælingar eins og rakið er að ofan. Í þessu máli var íbúum send sérstök beiðni um að HER fengi aðgang að skýrslunni en íbúar neituðu HER um aðgang. Á meðan svo er, er ekki hægt að taka afstöðu til þeirra mælinga né leita skýringa á mun á hljóðmælingum (20 dB munur) eins og kemur fram í einni kærunni. HER getur ekki tekið afstöðu til, lagt mat á né tekið tillit til gagna sem ekki eru hluti af gögnum málsins og gerir ráð fyrir að sama eigi við um nefndina.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
heilbrigdiseftirlit@reykjavik.is
www.reykjavik.is/heilbrigðiseftirlit
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

VOTTUN HF
ÍST ISO 14001

Heilbrigðiseftirlitið hefur yfirfarið minnisblað Brekke & Strand, *„Skotreyn – Æfingasvæði Svör við athugasemdum“* dagsett 2.september 2026 og gerir ekki athugasemdir við svör þeirra varðandi athugasemdir Trivium við niðurstöður hávaðakortlagningarskýrslu Brekke & Strand.

Skipulagsmál:

Í 7 mgr. 6. gr. Reglugerðar nr. 550/2018 er kveðið á um að nýr atvinnurekstur skuli vera í samræmi við gildandi deiliskipulag en deiliskipulag þurfi ekki að vera til staðar vegna atvinnurekstrar, sbr. VII., IX. og X. viðauka, enda samrýmist starfsemin gildandi aðalskipulagi hvað varðar landnotkun og byggðaþróun og samþykkta notkun fasteignar. Árið 2024 var samþykkt breyting á Aðalskipulagi Reykjavíkur (AR2040) þar sem afmarkað var íþróttasvæði vegna skotvalla á Álfsnesi. Markmið með breytingunni var þríþætt.

- Að koma upp aðstöðu fyrir Skotfélag Reykjavíkur og Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis, meðan unnið væri að því að finna framtíðarstað fyrir skotæfingar.
- Tryggja tímabundnar landnotkunarheimildir um íþróttasvæði (skotæfingasvæði).
- Leita leiða til að draga út og lágmarka umhverfisáhrif frá skotæfingasvæðunum á meðan þau væru staðsett á Álfsnesi.

Breyting þessi var samþykkt og birt í B deild stjórnartíðinda 30. Júlí 2024.
HER leitaði umsagnar skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar um það hvort starfsemin væri í samræmi við skipulag og gildistíma leyfis. Í umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 24. Júní 2026 var vísað í fyrri umsögn dags. 5. september 2024 og það staðfest að sú umsögn, sem byggir á AR2040, gildi áfram með tillögu að gildistíma til loka árs 2028. Í tilvísaðri umsögn kemur fram að starfsemin sé innan skilgreinds íþróttasvæðis ÍÞ9 á Álfsnesi og að heimilt sé þar að stunda skotæfingar, skotíþróttir og skylda íþróttastarfsemi. Heimilt verði að endurnýja starfsleyfi til félaga á svæðinu allt að til ársloka 2028 og voru síðan talin upp margvísleg skilyrði og mótvægisaðgerðir, í alls 11 liðum, sem starfsleyfi skuli innihalda í það minnsta. HER telur að sýnt hafi verið fram á með fullnægjandi hætti að starfsemin sé í samræmi við við skipulag.

Í kæru er það sett fram að ákvæði og skilyrði í aðalskipulagsbreytingu AR2040 vegna starfsemi skotvalla í Álfsnesi er snúa að starfsleyfi og starfsemi skotfélaganna séu ekki uppfyllt. Er þar vísað til 11 tölusettra skilyrða og mótvægisaðgerða sem starfsleyfi skuli, í það minnsta, innihalda. HER hefur tekið skilyrðin þessi inn í starfsleyfi og útfært. Sem dæmi má nefna að í starfsleyfi er opnunartími skilgreindur, ákvæði um tímasetta áætlun um frekari mótvægisaðgerðir, sem gæti m.a. tekið til breytinga á skotstefnu, skermunar starfsemi eða annarra úrræða, bann við notkun á blýhöglum, bann við notkun á leirdúfum með tjörubindiefni, ákvæði um hávaðamælingar og vöktunarmælingar, almenna hreinsun á svæðinu, rétt HER til að áskilja frekari rannsóknir á mengun á athafnasvæði félagsins og viðskilnað við lok reksturs. HER telur að skilyrði í aðalskipulagsbreytingunni hafi verið tekin upp í starfsleyfi á einn eða annan máta. Það er á ábyrgð rekstraraðila að uppfylla skilyrðin, eftir atvikum innan þess tímaramma sem starfsleyfið mælir fyrir um.

Kvartanir og hagsmunir íbúa:
Heilbrigðiseftirlitið tekur á móti öllum kvörtunum vegna starfsemi sem það hefur gefið út starfsleyfi fyrir. Ef að kvörtun er þessi efnis að hugsanlega er um að ræða brot á starfsleyfisskilyrðum er óskað skýringa af hálfu rekstraraðila. Eftir atvikum getur HER gert kröfu um úrbætur. Vegna eðlis kvartana um starfsemi Skotreyn, en þær berast HER í flestum tilvikum eftir að atburður hefur átt sér stað, hefur reynst erfitt fyrir HER að staðfesta kvartanir. HER reynir í flestum tilvikum að leita skýringa og koma kvörtunum áfram til rekstraraðila. Þá hefur verið tekið tillit til kvartana og hagsmuna íbúa við gerð

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
heilbrigdiseftirlit@reykjavik.is
www.reykjavik.is/heilbrigðiseftirlit
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

VOTTUN HF
ÍST ISO 14001

starfsleyfis og starfsleyfisskilyrða m.a. með styttri opnunartíma og kröfum um mótvægisaðgerðir eins og rakið er betur í viðkomandi liðum í þessari greinargerð.

Athugasemdir við einstakar greinar starfsleyfis/breytingar á greinum í starfsleyfi:

Ákvæði um takmörkun við ákveðna vindátt og vindstyrk óljóst og ólíklegt til að skila árangri.

Hér er um nýtt ákvæði að ræða sem er hugsað sem mótvægisaðgerð við hávaða frá starfseminni. Er horft til þess að í kafla 6.2 í skýrslu Brekka & Strand um mótvægisaðgerðir kemur fram að draga megi verulega úr hávaða á svæði norðan Kollafjarðar með aðlögun opnunartíma að veðurskilyrðum. Að mati HER er ákvæðið skýrt, tilgreind er vindátt í gráðum og vindstyrkur í m/s miðað við 10 mínútna meðalvind. Þá kemur fram í ákvæðinu við hvaða veðurstöð skuli miða en um leið er rekstraraðila heimilað að koma upp eigin veðurstöð að fengnu samþykki HER. Reynslan mun leiða í ljós hversu miklum árangri ákvæðið mun skila. Skotreyn leitaði álits HER á mögulegum veðurstöðvum og hefur komið slíkri í gagnið að fengnu samþykki HER. Upplýsingar frá rekstraraðila benda til þess að ákvæðið sé þegar farið að hafa áhrif og hefur starfsemi verið lokað á völlum 1-3 í a.m.k. tvö skipti vegna veðuraðstæðna.

Opnunartími og mótahald

Í starfsleyfinu eru ákvæði um opnunartíma starfseminnar og um mótahald, sjá 4. kafla starfsleyfisskilyrða. Heimilt er að hafa starfsemina opna í alls 34 klst. á viku sem dreifast á fjóra daga vikunnar. Það er verulegur samdráttur frá starfsleyfi sem gefið var út árið 2010 þegar heimilt var að hafa opið í 46. klst. á vetri en 64 klst. að sumri yfir 6 daga vikunnar. Þróun í opnunartíma starfseminnar má sjá í töflu 1.

Tafla 1: *Samanburður á opnunartímar í starfsleyfum frá 2010*

Starfsleyfi útgefið	***Opnunartími að vetri (16.9 – 14.4) – (fjöldi klst.)***	***Opnunartími að sumri (15.4 – 15.9) – (fjöldi klst.)***	***Opnunartími – (fjöldi klst.)***	***Ákvæði um mótahald***	***Dagar sem starfsemi er ekki heimil***
2010	*Virkir dagar kl. 12-20, laugardagar 12-18 (46 klst.)*	*Virkir dagar 10-22, laugardagar 10-18 (68 klst)*		*Ekki takmörk við mótahaldi – hægt að sækja um aukinn opnunartíma vegna móta*	*Sunnudagar - undanþágur mögulegar ef mótahald*
2015	*Virkir dagar kl. 12-20, laugardagar12-18 (46 klst)*	*Virkir dagar 10-22, laugardagar 10-18 (68 klst)*		*Aukinn opnunartími vegna mótahalds*	*Sunnudagar - undanþágur mögulegar ef mótahald*
2021			*Virkir dagar kl. 10-19, laugardagar 10-16 (42 klst)*	*Fjögur mót á ári með rýmri opnunartíma*	*Sunnu- og föstudagar - undanþágur mögulegar ef mótahald*
2022			*Mánu- og fimmtudaga kl. 10-21, þriðju og*	*Fjögur mót á ári með rýmri opnunartíma,*	*Sunnu- og föstudaga, undanþágur*

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
heilbrigdiseftirlit@reykjavik.is
www.reykjavik.is/heilbrigðiseftirlit
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

VOTTUN HF
ÍST ISO 14001

			miðvikud. kl. 10-19, laugardagar 10-16 (46 klst.)	*mest 1 mót í mánuði*	*mögulegar annan daginn ef mótahald*
2025			*Mánu- og fimmtudaga kl. 10-21, þriðju og miðvikud. kl. 10-19, laugardagar 10-16 (46 klst.)*	*Fjögur mót á ári með rýmri opnunartíma, mest 1 mót í mánuði*	*Sunnu- og föstudaga, undanþágur mögulegar annan daginn ef mótahald*
Tillaga 2026			*Þriðju- - fimmtudaga l. 12-21, laugardaga kl. 10-17 (34 klst)*	*Allt að sex mót á ári með rýmri opnunartíma, mest 2 í mánuði*	*Sunnu-, mánu- og föstudaga, undanþágur mögulegar sunnu eða föstudag ef mótahald*

Í töflu 1 sést að opnunartími hefur verið dreginn verulega saman frá árinu 2010 eða um 50% á sumrin. Einnig hefur dögum sem starfsemin er ekki heimil verið fjölgað úr einum í þrjá í viku. Þetta er gert til aðkoma til móts við athugasemdir og ábendingar um hávaða og ónæði frá starfseminni.

HER hefur beitt þessari nálgun, að takmarka opnunartímann til að draga úr hávaða og ónæði frá starfseminni. Takmörkun opnunartíma er ein af leiðum sem koma til greina við að draga úr áhrifunum en aðrar leiðir eru einnig færar s.s. breytt skotstefna og gerð hljóðmana eða önnur skermun á starfseminni. Að mati HER færi vel á því að fleiri leiðum væri beitt til að draga úr áhrifunum og er ákvæði um að rekstraraðili skili tillögum að raunhæfum úrbótum til að draga úr hávaða og ónæði frá starfseminni og skal rekstraraðili skila inn tímasettum áætlunum fyrir 1. apríl 2027. Við mat á raunhæfni tillagna þarf að hafa í huga samspil tíma og kostnaðar við skipulagslega óvissu á svæði Skotreyn og stuttan gildistíma starfsleyfis. Líkur eru á að Sundabraut muni liggja að hluta yfir athafnasvæði Skotreyn. Það ætti þó ekki að koma í veg fyrir að rekstraraðili geti lagt til og farið í frekari aðgerðir til að draga úr hávaða og ónæði af starfseminni þó áðurnefndar ástæður gætu takmarkað þær. Tímafresturinn er miðaður við að rekstraraðili nýti vetrarmánuðina þegar starfsemin er takmörkuð af völdum birtu og veðurs og áhrif hennar takmörkuð. Rétt er að í tillögunni er gert ráð fyrir að keppnum fjölgi og megi mest vera sex á ári. Um leið er sett inn nýtt ákvæði um að skotfélögin skuli hafa samráð um að mót séu ekki fleiri en tvær helgar í hverjum mánuði. Mótahald fer alla jafna fram á tímabilinu maí til september eða í 5 mánuði þó dæmi sé um mótahald á öðrum mánuðum. Að mati HER vegur mun þyngra að dögum sem starfsemi er heimil hefur verið fækkað um einn í viku og opnunartími styttur sem leiðir til þess að heildaráhrif af starfseminni eiga að dragast saman frá fyrra starfsleyfi.

Nýtt vs. endurnýjað starfsleyfi – verulegur munur stjórnsýslulega.
Í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir eru engar skilgreiningar á annars vegar nýju starfsleyfi og hins vegar endurnýjuðu starfsleyfi. Afgreiðsluferill og kröfur varðandi starfsleyfið er algerlega sambærilegt hvort sem er verið að endurnýja starfsleyfi eða sækja um nýtt. Rétt er að benda á að HER hefur notað þetta orðalag (ný starfsemi, breytingar á starfsemi, flutningur í nýtt húsnæði, endurnýjun leyfis) m.t.t. gjaldskrár HER, þar sem að vinna við nýtt starfsleyfi getur verið tímafrekari en endurnýjun. Það er mat HER að enginn munur sé stjórnsýslulega á afgreiðslu nýs eða endurnýjaðs starfsleyfis.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
heilbrigdiseftirlit@reykjavik.is
www.reykjavik.is/heilbrigðiseftirlit
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

VOTTUN HF
ÍST ISO 14001

Önnur atriði úr kærum:

Ekki hægt að gefa út starfsleyfi á grundvelli óljósra og óvissra skilyrða. Úrbætur þurfa að liggja fyrir og vera framkvæmdar þegar leyfi er gefið út.

Að mati HER uppfyllir starfsemin ákvæði sænsku mæliaðferðarinnar þegar horft er til viðmiða fyrir skotvelli sem byggðir voru fyrir 1982. Skilyrðum HER er ætlað að skila betri árangri og að draga enn frekar úr hávaða og ónæði frá starfseminni og þannig ganga lengra en viðmið í sænsku aðferðinni. Það er mat HER að strangt til tekið þurfi ekki að uppfylla þau ákvæði í skilyrðunum áður en starfsleyfi er veitt, þar sem starfsemin er innan viðmiða, en hægt að gefa aðlögunartíma til að ráðast í nauðsynlegar aðgerðir til að uppfylla skilyrðin. Með því er einnig horft til meðalhófsreglu stjórnsýslulaga þ.e. rekstraraðila er veittur hæfilegur frestur á þeim tíma árs sem áhrif af starfseminni er minnstur til að leggja til tímasettar áætlanir til að draga enn frekar úr áhrifum af starfseminni. HER setur ekki tímafrest á hvenær úrbótum ætti að vera lokið enda ekki forsendur til þess á meðan tillögur hafa ekki litið dagsins ljós. Engu að síður er ætlast til þess og standa vonir til að rekstraraðili fari í þær framkvæmdir sem lagðar verði til eins fljótt og auðið verður til að þær skili árangri.

Upplýsingar vantar í umsókn.

Vegna persónuverndarsjónarmiða eru persónugreinanlegar upplýsingar um forsvarsmann starfseminnar teknar út við auglýsingu á tillögu að starfsleyfi, sbr. lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Þær upplýsingar sem að kvartað er um að hafi vantað komu fram í umsókn sem að barst HER sbr. gögn málsins.

Áhrifamat vatnshlota ekki hluti af starfsleyfi.

Áhrifamatið og niðurstaða þess er ekki hluti af starfsleyfinu sjálfu heldur gagn við vinnslu umsóknarinnar. Það er álit HER að ekki sé nauðsynlegt að birta það sem hluta af starfsleyfi, ekki frekar en önnur fylgigögn umsóknar. Greinargerð um áhrifamat vatnshlota barst HER við vinnslu á starfsleyfinu. Greinargerðin tók til áhrifa starfseminnar á yfirborðavatns og grunnvatnshlot í samræmi við ákvæði laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og markmið vatnaáætlunar. Niðurstaða áhrifamatsins var sú að starfsemin hafi óveruleg eða engin áhrif á yfirborðs- og grunnvatnshlot. Að mati HER var niðurstaða áhrifamatsins trúverðug og gerðu sérfræðingar HER ekki athugasemdir við niðurstöðu matsins. Greinargerð um áhrifamat vatnshlota var hluti gagna sem voru aðgengileg í auglýsingu á tillögu að starfsleyfi og hafði því almenningur og aðrir hagsmunaaðilar tækifæri til að gera athugasemdir við áhrifamatið.

Leyfismál Lögreglustjóra.

Þann 18.ágúst 2026 sendi HER fyrirspurn á fulltrúa Skotreyn um hvort að félagið væri komið með endurnýjað leyfi lögreglustjóra, óskað var eftir að fá afrit af leyfi sent. Sama dag barst svar frá fulltrúa Skotreyn með afritum að leyfisbréfum frá lögreglustjóra fyrir Skotreyn. Viðurkenning á æfinga- og keppnissvæði var gefið út 23. apríl 2025 til 10 ára. Viðurkenning á skotfélagi var gefið út sama dag einnig til 10 ára. Bæði leyfin eru í gögnum málsins.

Mengun í jarðvegi, frummat, hreinsun á jarðvegi.

Í starfsleyfisskilyrðum eru ákvæði sem draga úr mengun frá starfseminni í jarðvegi og vatni og er þar fyrst að horfa til þess að notkun blýhagla er bönnuð sem og notkun leirdúfa sem innihalda PAH. Með því eru mjög takmarkaðar líkur á að aukning verði á mögulegri mengun í jarðvegi á lóð rekstraraðila frá því sem nú er og er afleiðing af þeim tíma þegar notkun þessara efna var leyfð.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
heilbrigdiseftirlit@reykjavik.is
www.reykjavik.is/heilbrigðiseftirlit
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

VOTTUN HF
ÍST ISO 14001

Í áttunda kafla starfsleyfisskilyrða kemur fram að HER muni vinna frummat á mengun í jarðvegi í samræmi við ákvæði 9. gr. reglugerðar nr. 1400/2020 um mengun í jarðvegi. Það hefur verið gert og er niðurstaða frummatsins flokkur 3 eða áhætta í meðallagi og meta skal hvort ástæða sé til að gera áhættugreiningu, sjá nánar í leiðbeiningum Umhverfis- og orkustofnunnar (UOS) um frummat Frummat fyrir menguð svæði - leiðbeiningar. Matið er aðgengilegt í kortasjá UOS Mengaður jarðvegur - Umhverfis- og orkustofnun. Frummatið er unnið út frá fyrirliggjandi upplýsingum sem eru frekar takmarkaðar og getur niðurstaðan tekið breytingum þegar frekari upplýsingar bætast við. Niðurstaðan dregur ekki úr því að framkvæma þarf rannsóknir á mengun á athafnasvæðinu. HER metur það svo að ekki sé um bráðahættu að ræða og að rannsóknir geti farið fram þegar og ef yfirborði á svæðinu verði raskað. Ekki eru áætlanir um röskun á yfirborði á svæðinu fyrr en þá og ef verður af gerð Sundabrautar. Hætta á að mengun dreifist frekar er ekki metin mikil að óbreyttu en skynsamlegt væri að rannsóknir yrðu framkvæmdar í tengslum við undirbúning að Sundabraut.

Niðurstaða:
Með vísan til alls þess sem að framan greinir ítrekar Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur kröfu sína um að kröfum kæranda um ógildingu ákvörðunar HER um útgáfu hins kærða starfsleyfis verði hafnað.

Áskilnaður:
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur áskilur sér rétt til þess að svara frekari málsástæðum kærenda á síðari stigum málsins ef til þess kemur og jafnframt að tjá sig taki nefndin til skoðunar aðrar málsástæður en fram koma í kæru.

Virðingarfyllst
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Bjarki Freyr Arngrímsson
lögfræðingur

Guðjón Ingi Eggertsson
deildarstjóri umhverfiseftirlits

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
heilbrigdiseftirlit@reykjavik.is
www.reykjavik.is/heilbrigðiseftirlit
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

VOTTUN HF
ÍST ISO 14001